

Mánudaginn 13. ágúst 1969.

Nr. 143/1969. **Valdstjórnin**

gegn

Sveinbirni Gíslasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. og 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. júlí 1969, er barst dóminum 6. ágúst 1969, og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Niðurstöðu hins kærða úrskurðar ber að staðfesta, eins og sakarefni og sönnunaratríðum máls er háttað, sbr. 1. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. og 2. tl., d, 75. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. júlí 1969.

Ár 1969, mánudaginn 28. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í gömlu bæjarþingstofunni í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Snemma að morgni 18. janúar 1968 fannst Gunnar Sigurður Tryggvason leigubifreiðarstjóri, Kambsvegi 8 hér í borg, látinn í bifreið sinni, R 461, á Laugalæk hér í borginni af völdum skotsárs hægra megin í hnakka. Í bifreiðinni fannst skothylki, og leiddi athugun rannsóknarlögreglunnar til þess álits, að kúlunni hefði verið skotið úr skammybyssu af gerðinni Smith & Wesson, cal. 35. Eru þær byssur nú mjög sjaldgæfar. Hér á landi er aðeins vitað um, að ein slík byssa hafi verið til. Hafði eigandi hennar, Jóhannes heitinn Jósefsson, fyrrum eigandi Hótel Borgar, haft hana með sér frá Ameríku hingað til lands líklega árið 1927, en árið 1965 hafði hann tilkynnt til lögreglunnar hvarf byssunnar frá heimili sínu að Tjarnarstíg 8 á Seltjarnarnesi.

Kærði, Sveinbjörn Gíslason bifreiðarstjóri, Sækambi á Sel-tjarnarnesi, ók leigubifreiðinni R 15612 frá Bæjarleiðum hér í borg fyrir þau hjónin Hallgrím Aðalbjarnarson og Lofteyju Kára-dóttur, Freyjugötu 25 hér í borg, frá því í maí 1967 þar til 6. marz s.l., en þann dag tóku þau hjónin bifreiðina af honum fyrirvara-laust. Síðar sama dag fundu þeir Hallgrímur og Snæbjörn Magnús-son, Hólmgarði 46 hér í borg, skammbyssu fullhlaðna 7 skotum í læstu mælaborði bifreiðarinnar, þegar þeir voru að taka til þar. Var þetta byssa af gerðinni Smith & Wesson, cal. 35.

Sérfræðingur hjá alríkislögreglunni (F.B.I.) í Bandaríkjunum hefur rannsakað byssu þessa og skothylkið, sem fannst í bifreið-inni R 461. Telur hann, að skothylkinu hafi verið skotið úr byssu þessari.

Hinn 7. marz s.l. var gerð húsleit á heimili kærða Sveinbjörns, og fannst þá læstur peningakassi þar á stigapalli. Reyndust vera í honum meðal annars tvö skot. Var annað þeirra skammbyssu-skot Smith & Wesson, cal. 35, eða af sömu gerð og skot þau, sem voru í fyrrgreindri byssu, þegar hún fannst í bifreiðinni R 15612.

Lárus Fjeldsted Salómonsson lögreglumaður hefur borið það, að Jóhannes Jósefsson hafi sagt honum, að hann hefði ekki skotið úr fyrrgreindri skammbyssu sinni í mörg ár, og minnir hann, að Jóhannes segðist ekki hafa skotið úr henni síðan á árinu 1937. Þegar Jóhannes tilkynnti honum um hvarf byssunnar árið 1965, hefði hann haft orð á því, að til lítils væri að slægjast eftir þessari byssu, því að skot væru ekki til í hana.

Njörður Snæhólm, aðalvarðstjóri í rannsóknarlögreglunni, hef-ur skýrt frá því, að aðeins 8.350 stykki hafi verið framleidd af þessari byssutegund og stærð og að framleiðslu á þeim hafi verið hætt árið 1921. Skot í byssu þessa, sem sé amerísk, hafi verið framleidd á árunum 1913 til 1940, en skotið, sem varð Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana, muni hafa verið framleitt fyrir árið 1926.

Hinn 15. febrúar 1968 leituðu þeir Njörður Snæhólm og Lárus Fjeldsted Salómonsson með samþykki Jóhannesar heitins á heim-ili hans að Tjarnarstíg 8 að skammbyssuskotum að stærð cal. 35. Fundu þeir í kössum þar í kjallaranum um 130 slík skot, en dag-inn áður hafði Lárus Fjeldsted fundið 12 slík skot í veiðitösku Jóhannesar í kjallaranum.

Kærði Sveinbjörn var handtekinn þegar eftir fund byssunnar í bifreiðinni R 15612 7. marz s.l. Hafði hann þá lyklakippu sína

í vasanum, og reyndist einn lykillinn á henni ganga að læsingu útidyráður Tjarnarstígs 8.

Kærði Sveinbjörn var fyrst í stað yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni, en síðan 21. marz s.l. hefur hann eingöngu verið yfirheyrður af rannsóknardómara. Fyrstu vikur og mánuði, eða til 28. júní s.l., var framburður kærða í fáum orðum þessi:

Hann neitar því að hafa orðið Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana eða verið nokkuð riðinn við þann verknað eða að hafa hugmynd um, hver hefur framið hann. Hann neitar því að hafa tekið byssuna, sem fannst í bifreiðinni R 15612, eða nokkur skot frá Jóhannesi Jósefssyni á árunum 1936—1960 og frá 1946 sem einkabifreiðarstjóri hans. Hann kveðst dag einn rétt eftir miðjan janúar s.l. hafa verið að hreinsa bifreiðina R 15612 fyrir utan heimili sitt og þá fundið skammbyssuna fullhlaðna undir hægra framsæti bifreiðarinnar. Hann hafi látið byssuna í mælaborðið, læst því og síðan hafi hann ekki hreyft við henni þar. Hann hafi ekki tilkynnt lögreglunni um byssuna og engum sagt frá henni. Þá kveður hann, að skot hafi ekki átt að vera í peningakassanum, sem hann átti á stigapallinum á heimili sínu, og geti hann ekkert sagt um, hvers vegna fyrrgreint skammbyssuskot var þar. Hann gerði heldur ekki grein fyrir því, hvers vegna hann hafði í förum sínum lykil, sem gekk að útidyráður að húsi því, sem Jóhannes Jósefsson átti heima í.

Hinn 17. apríl s.l. bar Þórir Magnússon bifreiðarstjóri, Meðalholti 14 hér í borg, að á árinu 1966, og sennilega þá um vorið, hafi kærði Sveinbjörn, sem vann þá ásamt honum hjá Bifreiðastöð Steindórs hér í borginni, skýrt honum frá því, að hann ætti tvær skammbyssur. Önnur væri þannig, að hægt væri að breyta henni í vélbyssu, en hin væri miklu skemmtilegri, og minnir hann, að kærði segði honum, að „magasín“ þeirrar byssu gengi upp í skaftið. Erfitt væri að fá skot í byssurnar. Þórir kvaðst hafa haft áhuga á byssum og hafi hann beðið kærða um að selja honum þær. Kærði hafi látið hann fá fyrrnefndu byssuna, sem var af tegundinni Mauser, en þá síðarnefndu hafi hann ekki viljað selja. Næsta dag staðfesti kærði Sveinbjörn, að hann hefði látið Þóri fá Mauser skammbyssu, en kvað það vera rangt hjá honum, að hann hefði nokkru sinni sagt honum, að hann ætti tvær skammbyssur, og hefði hann aldrei átt eða haft undir höndum aðra skammbyssu en Mauser byssuna. Frekara samræmi milli framburða kærða Sveinbjörns og Þóris náðist ekki í þinghaldi þessu þrátt fyrir samprófun þeirra.

Á dómþingi 28. júní s.l. kvaðst kærði Sveinbjörn vilja leiðrétta fyrri framburð sinn í nokkrum tilteknum atriðum, eða eins og hér greinir:

Hann kveðst hafa einhvern tíma á árunum 1953—1955 tekið hálfan annan pakka af skammbyssuskotum, sem Jóhannes Jós-efsson átti og geymdi í skúffu í sumarbústað sínum við Hítará. Ætlan hans hafi verið að athuga, hvort skotin pössuðu í Mauser skammbyssuna, sem hann átti, og hafi hann farið með þau heim til sín að Sækambi. Þar hafi hann prófað eitt þeirra og hafi það reynzt vera allt of lítið í byssuna, þannig að ekki hafi komið til þess, að því væri hleypt af. Hann orðar það sem möguleika, að skot þetta hafi hann látið í peningakassann á pallinum uppi á lofti hjá sér og það sé annað skotið, sem var í kassanum, þegar hann var opnaður í sambandi við rannsókn máls þessa. Hann hafi látið pakkana, sem skotin voru í, í skrifborðsskúffu á heimili sínu eða á sama stað og hann geymdi Mauser byssuna. Skúffan hafi verið læst og hafi hann borið lykilinn á lyklakippu sinni.

Þá kveður kærði Sveinbjörn, að töluvert áður en Jóhannes Jós-efsson og kona hans fóru til útlanda um sumarið 1965, hafi Jóhannes hringt til hans og beðið hann um að koma heim til hans á Tjarnarstíg 8 til að líta á sjónvarpstæki, sem væri þar bílað, og hafi hann komið því í lag. Í þetta skipti hafi hann tekið með leynd skammbyssu, sem Jóhannes átti og geymdi ásamt annarri í byssukassa, sem var á hillu í skattholi í stofunni, og haft byssuna á brott með sér. Tilgangur hans hafi verið að selja hana og nota söluverðið, sem hann ætlaði, að gæti orðið um kr. 2.000.00, til eigin þarfa. Hann hafi svo látið byssuna í peningakassann á loftskörinni heima hjá sér, en ekkert gert til að reyna að selja byssuna og engum sagt frá henni. Skömmu eftir að hann hafði selt Þóri Magnússyni Mauser byssuna, hafi hann þá sagt honum, að hann gæti útvegað honum aðra skammbyssu, sem væri langt um minni en hin, og hafi Þórir haft áhuga á byssunni. Það hafi orðið til þess, að kærði hafi opnað peningakassann, náð í byssuna, stungið henni í vasa sinn og farið með hana sama dag um kl. 1230 niður á Bifreiðastöð Steindórs í því skyni að sýna Þóri hana, en kærði hafi þá ekki verið búinn að lofa honum því að selja honum byssuna, aðeins lofað honum því að sýna honum hana. Þórir hafi ekki verið að vinna á stöðinni þennan dag. Kærði kveðst þá hafa látið byssuna í geymsluhólf leigubifreiðar sinnar, R 1402, sem hann ók þá frá Steindórsstöð, og þar hafi byssan verið allan daginn í læstu hólfinu. Að loknum vinnudegi kl. 1 um nóttina

hafi hann eins og venjulega skilað bifreiðinni í hús Steindórsstöðvar við Sólvallagötu hér í borginni og látið lykla bifreiðarinnar vera eftir í kveikjulásnum. Lyklarnir hafi verið þrír og hafi einn þeirra verið að geymsluhólfinu í mælaborðinu. Kærði segir, að það hafi stafað af gleymsku, að hann hafi skilið byssuna eftir í hólfinu um nóttina. Næsta dag hafi hann strax athugað, hvort byssan var þar, en þá hafi hún verið horfin. Hann hafi svo ekkert vitað um, hvar byssan var niður komin, fyrr en hann hafi fundið hana í bifreiðinni R 15612 laust eftir miðjan janúar s.l. Kærði segir, að ekkert skot hafi verið í byssunni, þegar hann tók hana á Tjarnarstíg 8, og hann hafi aldrei sett skot í hana. Hann kveðst ekkert vita, hvað varð af skotunum, sem hann tók í sumarbústaðnum við Hítará, og hafi þau horfið eða „gufað upp“, en máskje hafi hann þá fleygt þeim.

Að öðru leyti hefur kærði Sveinbjörn ekki breytt fyrri framburði sínum, sem áður er rakinn.

Rannsókn máls þessa hefur farið fram bæði í sakadómi og utan dóms, þar sem rannsóknarlögreglumenn hafa unnið við einstaka þætti eftir ákvörðun dómara. Rannsóknin er þegar orðin umfangsmikil og margþætt, en eigi að síður er henni ekki nærri lokið, þannig er ekki að fullu lokið að rannsaka akstursvenjur og vinnutillögun kærða Sveinbjörns við akstur bifreiðarinnar R 15612 og að afla allra mögulegra upplýsinga um, hvar hann var aðfaranótt og að morgni 18. janúar 1968, og þar að auki er enn á byrjunarstigi að rannsaka fjármál kærða Sveinbjörns, sem er óhjákvæmilegt að gera í því skyni að geta komist að mögulegum tengslum eða samskiptum milli hans og Gunnars Sigurðar Tryggvasonar.

Það er því sýnt, að enn þarf að yfirheyra mörg vitni og ef til vill samprófa þau við kærða Sveinbjörn svo og að afla margra skjala og annarra sakargagna til viðbótar þeim, sem þegar hafa verið lögð fram í málinu, og bera undir hann.

Þá þykir ekki hafa tekizt — þrátt fyrir ítarlega rannsókn — að færa stoð undir þá staðhæfingu kærða Sveinbjörns, að skammbýssa sú af gerðinni Smith & Wesson, cal. 35, sem hann kveðst hafa tekið frá Jóhannesi Jósefssyni og um ræðir í málinu, hafi horfið frá kærða úr bifreiðinni R 1402, að því er ætla má á árinu 1966, og að hann hafi svo fundið byssuna aftur í bifreiðinni R 15612 seinni hluta janúar s.l.

Jafnframt þykja mörg atvik, sem fram hafa komið í málinu, vekja rökstuddar grunsemdir um, að kærði Sveinbjörn hafi annað

hvort sjálfur orðið valdur að dauða Gunnars Sigurðar Tryggvasonar eða þá verið hlutdeildarmaður í þeim verknaði.

Hinn 8. marz s.l. var kærði Sveinbjörn úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 30 dögum. Hinn 5. apríl s.l. var sú vist hans framlengd um allt að 8 vikum, eða til 2. júní s.l., og þann dag var hún framlengd á ný um allt að 8 vikum, eða þar til í dag kl. 1805. Seinasta úrskurðinum var skotið til Hæstaréttar, og var hann staðfestur þar 16. júní s.l.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, og með tilvísun til 67. gr., 1. mgr., 1. og 4. töluliðs, laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála þykir rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða Sveinbjörns um allt að 8 vikum frá lokum varðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurðinum frá 2. júní s.l., eða til mánu dagsins 22. september næstkomandi kl. 1805.

Einnig þykir rétt, að kærði Sveinbjörn sæti því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsaki geðheilbrigði og sakhæfi hans.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða, Sveinbjörns Gíslasonar, framlengist um allt að 8 vikum frá lokum varðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði, uppkveðnum 2. júní s.l., eða til mánu dagsins 22. september næstkomandi, kl. 1805.

Kærði, Sveinbjörn Gíslason, sæti því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsaki geðheilbrigði og sakhæfi hans.

Mánudaginn 18. ágúst 1969.

Nr. 147/1969. **Valdstjórnin**

gegn

Einari Sverri Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13.